

Ávarp heilbrigðisráðherra
á tóbaksvarnaráðstefnunni LOFT 2004
Hótel Örk, 16. september 2004 kl. 13:00
Sæunn Stefánsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra
ávarpaði fyrir hönd ráðherra.

Ágætu ráðstefnugestir, gott LOFT!

Samvinna, einhugur, áhugi og eldmóður. Þessi orð finnast mér eiga vel við hér þegar við erum saman komin við upphaf þriðju tóbaksvarnaráðstefnunnar sem haldin er undir heitinu LOFT 2004. Hér sameinast öflugir aðilar sem vinna að tóbaksvörnum.

Ég sé í áhugaverðri dagskrá að margir munu leggja til málanna í dag og á morgun. Það er mikilsvert að þeir sem vinna á sviði tóbaksvarna komi saman, ræði ólíkar leiðir, meti helstu ógnir og leggi mat á árangur af því starfi sem unnið er.

Það er ekki nóg að vera í vörn gegn tóbaki, við þurfum líka að stunda öfluga sókn.

Tóbaksframleiðendur eru öflugir í sókninni og leita sífellt uppi ný skotmörk í eiturefnahernaði sínum þegar að þeim er þrengt á öðrum vígstöðvum. Fátækar þjóðir virðast auðvelt skotmark og best er að beina spjótunum að börnum því þau koma síst vörnum við.

Mér finnst alltaf skjóta skökku við þegar stjórnvöld eru gagnrýnd fyrir, frelsisskerðingu og mannréttindabrot sýni þau vilja og þor til að beita stjórnvaldsaðgerðum í baráttunni gegn tóbaki. Það er við svo ramman reip að draga í þessari baráttu og það er svo mikið í húfi. Á það verða ráðstefnugestir minntir í kvöld þegar kveikt verður á 350 – 400 kertum, einu fyrir hvern Íslending sem talið er að muni látast af völdum reykinga á næsta ári.

Það verður áhugavert að heyra hér á eftir hver fyrsta reynsla Norðmanna er af banni við reykingum á veitingastöðum, en um það verður fjallað hér á eftir. Eins og ég hef áður kynnt er nú í undirbúningi frumvarp um þetta efni sem ég hyggst leggja fram á þessu þingi. Ég er sannfærður um að nái

slíkt frumvarp fram að ganga muni ekki líða mörg ár þar til að reykingar á veitingastöðum þykja jafn fráleitar og þær þykja nú í opinberum stofnunum, almenningsamgöngutækjum og víðast þar sem fólk sækir sér þjónustu af einhverju tagi. Tímarnir breytast og mennirnir með.

Ég ætla ekki að draga ykkur lengur á setningu ráðstefnunnar því framundan eru margir fróðlegir fyrirlestrar.

Okkur öllum flyt ég bestu óskir um góðan árangur og hreint LOFT.

Þakka ykkur fyrir.